



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MENDELSSOHN OG TSJAJKOVSKÍJ

16. MAÍ 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Dóttir norðursins: 13'30"

Píanókonsert: 20'00"

Sinfónía nr. 6: 45'00"

BAKHJARLAR:

vís



GAMMA

MENDELSSOHN OG TSJAJKOVSKÍJ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG FIMMTUDAGINN 16. MAÍ 2013 » 19:30

Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri
Saleem Abboud Ashkar einleikari

Jean Sibelius

Dóttir norðursins, op. 49 (1906)

Felix Mendelssohn

Píanókonsert nr. 1 í g-moll, op. 25 (1831)

Molto allegro con fuoco

Andante

Presto - Molto allegro e vivace

Hlé

Pjotr Tsjajkovskij

Sinfónía nr. 6 í h-moll, op. 74 „Pathétique“ (1893)

Adagio - Allegro non troppo - Andante - Allegro vivo -

Andante come prima - Andante mosso

Allegro con grazia

Allegro molto vivace

Finale: Adagio lamentoso - Andante



Pietari Inkinen

hljómsveitarstjóri

Finnski hljómsveitarstjórinn Pietari Inkinen var skipaður aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Nýja Sjálands 2008 og ári síðar tók hann við stöðu aðalgeststjórnanda Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Japan. Inkinen hefur áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands við góðar undirtektir, nú síðast í maí 2012.

Inkinen hefur hlotið einróma lof fyrir tónleikaferðir sínar með Sinfóníuhljómsveit Nýja Sjálands sem og fyrir hljóðritanir þeirra hjá Naxos. Í nóvember 2010 hélt hann með sveitina, ásamt bandarísku fiðlustjórnum Hilarý Hahn, í tónleikaferð um Evrópu þar sem meðal annars var leikið í Vínarborg, Luzern, Genf, Frankfurt og Hamborg.

Inkinen hefur komið fram sem geststjórnandi með fjölmörgum hljómsveitum og má þar nefna Dresden Staatskapelle, Gewandhaus í Leipzig, Útvarpshljómsveitinni í Bæjaralandi, La Scala í Mílanó, BBC Sinfóníuhljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham og fleirum.

Inkinen hefur starfað með heimsþekktum einleikurum á borð við Vadim Repin, Jean-Yves Thibaudet, Pinchas Zukerman og Nikolaj Znaider og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir hljóðritanir sínar á sinfóníum Sibeliúsar fyrir Naxos-útgáfufyrirtækið. Hann þreytti frumraun sína við Þjóðaróperuna í Berlín árið 2012, þar sem *Evgéní Onégín* var á efnisskránni. Þá stjórnaði hann *Vorblóti* Stravinskíjs við La Monnaie í Brüssel í samvinnu við hinn heims kunna danshóp Pinu Bausch.

Inkinen er fiðluleikari og nam hjá Zakhar Bron við tónlistarháskólann í Köln. Hann hefur komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljómsveitum Finnlands og lék *Fiðlukonsert* Sibeliúsar með Fílharmóníuhljómsveitinni í Helsinki þegar þess var minnst að öld var liðin frá því að hljómsveitin flutti verkið í fyrsta sinn. Inkinen hefur dregið sig í hlé sem einleikari en leikur kammertónlist með Inkinen-tríóinu.



Saleem Abboud Ashkar

einleikari

Saleem Abboud Ashkar (1976) fæddist í Nasaret og nam við Konunglegu tónlistarakadémíuna í London og Tónlistarskólann í Hannover. Zubin Mehta uppgötvaði hinn unga píanista og bað hann, þá 17 ára, að leika *Píanókonsert nr. 1* eftir Tsjajkovskíj með Fílharmóníusveit Ísraels. Ashkar hélt sína fyrstu tónleika í Carnegie Hall 22 ára gamall og hefur síðan þá unnið með leiðandi hljómsveitum víða um heim. Má þar nefna Vínarfilharmóníuna, Fílharmóníusveit Ísrael, Sinfóníuhljómssveit Chicago, La Scala í Mílanó, Concertgebouw, Gewandhaus í Leipzig, Lundúna-sinfóníuna og fleiri. Ashkar leikur reglulega með stjórnendum Zubin Mehta, Daniel Barenboim, Riccardo Muti, Lawrence Foster, Bertrand de Billy, Philip Jordan, Nikolaj Znaider, Ludovic Morlot og Christoph Eschenbach. Undir stjórn þess síðastnefnda lék Ashkar *Píanókonsert* Schumanns á sérstökum afmælis-tónleikum í júní 2010 ásamt Sinfóníuhljómssveit Dusseldorf.

Ashkar hefur flutt *Píanókonsert nr. 1* eftir Mendelssohn víða á tónleikaferðum með Riccardo Chailly og Gewandhaus hljómsveitinni, meðal annars á Proms-tónlistarhátíðinni í London og Lucerne-hátíðinni til að fagna tveggja alda fæðingarafmæli tónskáldsins. Í kjölfarið óskaði Chailly eftir frekara samstarfi við Ashkar bæði við tónleikahald og upptökur hjá Decca.

Ashkar kemur reglulega fram á eftirsóttum kammertónleikaröðum. Á Ruhr-píanóhátíðinni hefur Ashkar unnið náið með listamönnum Daniel Barenboim, Nikolaj Znaider og Waltraud Meier. Árlega stjórnar og leiðir Ashkar Galilee kammerhljómsveitina í Ísrael sem sameinar efnilega unga hljóðfæraleikara og kennara þeirra en verkefninu svipar til Simon Bolívar hljómsveitarinnar í Venezuela.

Nýr diskur með Ashkar, sem gefinn var út af Decca, kom út í febrúar síðastliðnum. Þar leikur hann með NDR sinfóníuhljómssveitinni, undir stjórn Ivors Bolton, píanókonserta nr. 1 og 4 eftir Ludwig van Beethoven. Einleiksdiskur Ashkars sem gefinn var út af EMI 2005 fékk einróma lof gagnrýnenda en þar lék hann tónlist eftir Brahms, Mozart og Schubert.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Árið 2009 lék Saleem Abboud Ashkar Keisarakonsertinn eftir Beethoven með Sinfóníuhljómssveit Íslands. Ríkharður Örn Pálsson gagnrýnandi fór þessum orðum um flutninginn í Lesbók Morgunblaðsins: „...Saleem Abboud Ashkar fór afar ljóðrænt með þennan þátt [annan þátt], og þó að maður saknaði ögn rytmiðsari sveifluþunga í einkum rondó-fínalnum, þurfti varla að deila um lipra skalameðferð og persónulega yfirvegun hans á öðrum stöðum. Undirtektir voru enda harla góðar, jafnvel þótt drjúgt upplappið leiddi ekki til aukalags að sinni.“



Jean Sibelius

Dóttir norðursins, op. 49

Jean Sibelius (1865-1957) var í hópi finnskra listamanna sem sóttu innblástur til listsköpunar í Kalevala söguljóðin. Meðal annarra sem tilheyrðu þessum hópi voru listmálarinn Akseli Gallen-Kallela (1865-1931) og tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Robert Kajanus (1856-1933). Þroskasaga Kalevala söguljóðanna nær yfir tvöþúsund ár og ríkti óslitin munnmælahefð þar til á fyrrihluta 20. aldar í Karelia, landsvæði sem liggur á milli austur Finnlands og Rússlands. Heildarútgáfa Kalevala-bálksins kom út árið 1849 en fyrir var Gamla Kalevala sem kom út 1835. Í huga Sibeliusar var náttúran tákngervingur frelsis og var þjóðleg tónlistarvakning hryggjarstykki og höfuðstoð margra tónsmíða hans sem og fjölda annarra síðrómantískra tónskálda. Má þar nefna Bedřich Smetana (1824-1884) og tónverk hans *Má vlast* en *Finlandia* eftir Sibelius er eitt kunnasta framlag tónskálds til frelsisbaráttu þjóðar sinnar.

Sibelius leit til tónlistar Tsjajkovskijs og rússneska skólans og ráðgerði frekara nám hjá Rimsky-Korsakov 1889. Þegar sú fyrirætlan gekk ekki eftir lá leið hans til Berlínar þar sem hann komst í kynni við mikið af hljómsveitar- og kammertónlist. Í Berlín heyrði hann samlanda sinn, tónskáldið Robert Kajanus, stjórna *Aino* sem frumflutt hafði verið 1885 og byggði á Kalevala söguljóðunum. Hugmyndin að *Kullervo*, fimm þátta símfóníu, var vakin en eftir frumflutning á verkinu 1892 var Sibelius orðinn leiðandi afl í finnsku tónlistarlífi. Honum var veittur styrkur frá ríkinu fyrir árangur á tónlistarsviðinu sem síðar varð að föstum launum meðan hann lifði.

Dóttir norðursins (Pohjolan tytär) (1906) er eina tónsmíð Sibeliusar sem titluð er símfónísk fantasía. Hann hóf vinnu við verkið árið 1901 þegar hann var að skrifa aðra símfóníu sína á Ítalíu. Af vinnubókum að dæma og rannsóknum á þeim hafði Sibelius í hyggju að semja símfónískt ljóð eða fantasíu byggða á frásögninni um *Luonnotar* sem sagt er frá í fyrsta kvæði Kalevala. *Dóttir norðursins* er hins vegar viðfangsefni áttunda kvæðis Kalevala en þriðja viðfangsefnið sem Sibelius vann að var óratória byggð á sögninni um *Marjatta* sem fengist er við í fimmtugasta kvæði

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Dóttir Norðursins hefur hljómað þrisvar sinnum áður í meðförum Símfóníuhljómsveitar Íslands og í öll skiptin undir stjórn fyrrum aðalhljómsveitarstjóra sveitarinnar, hins finnska Petris Sakari. Fyrsti flutningur verksins var árið 1989 en síðar hljómaði verkið í tónleikaferð sveitarinnar árið 1990 í Svíþjóð og Finnlandi. Árið 2002 kom út geisladiskur hjá Naxos þar sem SÍ leikur Dóttur norðursins undir stjórn Sakaris.

Kalevala. Efniviður *Dóttur norðursins* kemur frá ofangreindum verkum, þremur óskildum viðfangsefnum sem að endingu voru sameinuð í fantasíunni *Dóttur norðursins*. Verkið er eitt af litríkari tónsmíðum Sibeliusar og aðdáunarvert hvernig tónskáldinu tókst að semja heildstætt verk úr svo ólíkum tónsmíðaverkefnum og -hugmyndum. *Dóttir norðursins* er mjög frábrugðin *Svaninum frá Tuonela* sem er dökkleit tónsmíð, samin 1895, og síðasta stórvirki hans *Tapiola* frá 1926. Verkið var frumflutt undir stjórn tónskáldsins í Mariinsky leikhúsinu í St. Pétursborg 29. desember 1906 við góðar viðtökur áheyrenda og gagnrýnenda.

Kalevala er föðurland hetjanna en Pohjola er svokallað „bakland“, Lappland og norðrið. Hetjur Kalevala leituðu sér kvonfangs meðal dætra norðursins með misjöfnum árangri þar sem viðtekinn fjandskapur ríkti á milli. Í *Dóttur norðursins* segir frá hetjunni og seiðkarlinum Väinämöinen sem er á heimleið úr einni af ævintýraferðum sínum. Á ferð gegnum norðurlandið verður hann yfir sig ástfanginn af undurfallegri stúlku sem situr fyrir ofan regnbogann og spinnur gullþráð. Väinämöinen býður henni að slást í för með sér. Ást hans er ekki endurgoldin því *Dóttir norðursins* hefur íshjarta og helsta ánægja hennar er að leggja óyfirstíganlegar þrautir fyrir biðla sína. Hún leggur þau Herkúlesarverkefni fyrir Väinämöinen að kljúfa hrosshár með bitlausum hnífi, hnýta hnút á egg auk annarra þrauta ásamt því að smíða sér bát úr snældu sinni. Väinämöinen verður vitanlega frá að hverfa, sigraður og særður. Sár hans gróa þegar hlátur stúlkuunnar og máttur hennar rénar er fjarlægðin skilur þau að.

UM TÓNSKÁLDIÐ:

Robert Kajanus (1856-1933) og Martin Wegelius (1846-1906) voru leiðandi tónskáld í Finnlandi á síðari hluta 19. aldar. Wegelius stofnaði tónlistarskólann í Helsinki 1882 og var lærimeistari Sibeliusar en Kajanus stofnaði fyrstu „atvinnu“-hljómsveitina í Helsinki það sama ár. Kajanus tók meðal annars upp margar af sinfóníum Sibeliusar.



Felix Mendelssohn

Píanókonsert nr. 1 í g-moll, op. 25

Felix Mendelssohn (1809-1847) var leiðandi tónskáld á meðal germanskra tónsmíða á fjórða og fimmta áratug 19. aldar. Hann var í miklum metum í Evrópu sem stjórnandi, einleikari og tónskáld og tók virkan þátt í tónlistarhátíðum í stærstu borgum Þýskalands og Bretlands.

Mendelssohn var ráðinn stjórnandi Gewandhaus hljómsveitarinnar 1835 og í þann áratug sem hann sinnti hljómsveitarstjórastarfinu og listrænni stjórn í Leipzig jók hann mjög á gæði alls hljómsveitarspils og jöfnuð í dagskrárgerð. Hann lagði áherslu á betri kjör og vinnuaðstæður tónlistarfólks og verkefnaval hans tók mið af sögulegu mikilvægi tónskálda jafnt og frammámönnum í samtímanum. Hann bauð framúrskarandi hljóðfæraleikurum til samstarfs við Gewandhaus hljómsveitina og má nefna að Clara Wieck Schumann lék oftsinnis undir hans stjórn. Mendelssohn var mjög meðvitaður um verk samtímamanna sinna og studdi tónskáld eins og Schumann og Gade með flutningi verka þeirra í Leipzig. Sem píanóleikari ýtti hann undir almennan áhuga á konsertum Beethovens og Mozarts en hann var jafnframt áhugamaður um óratóriur og passíur. Mendelssohn stjórnaði flutningi *Mattheusarpassíunnar* tvívegis í mars 1829 og var það fyrsti flutningur verksins frá dögum Bachs en sjálfur samdi hann óratóriurnar *Paulus* (1836) og *Elía* (1846). Síðla árs 1842 stofnaði Mendelssohn Konservatoríið í Leipzig og opnaði það 3. apríl ári síðar. Meðal kennara þar voru Robert Schumann sem kenndi tónsmíðar og Ferdinand David sem var yfirmaður fiðludeildarinnar.

Mendelssohn samdi ríflega 250 verk í nær öllum formum tónlistar. Laglínur hans þykja ljóðrænar og hljómfagar og er fágún, finleiki og mýkt sammerkt fyrir tónlist hans. Útsetningar Mendelssohns fyrir hljómsveit eru framúrskarandi og sýna djúpan skilning á eiginleikum og hljóðfærakosti hljómsveitarinnar. Má þar nefna forleikinn að *Jónsmessunæturdraumi*, sem hann samdi aðeins 17 ára gamall, og *Fiðlukonsertinn* í e-moll (1845) sem er einn sá glæsilegasti í tónbókmenntunum, sambærilegur við fiðlukonserta Beethovens, Brahms og Sibeliusar auk *Skosku* og *Ítölsku* sínfóníanna. Tónlistarhæfileikar Mendelssohns voru ótvíræðir og

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Árið 1966 flutti Anna Áslaug Ragnarsdóttir Píanókonsert nr. 1 eftir Mendelssohn með Sínfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Bohdan Wodiczko. Fjórum árum síðar var konsertinn fluttur af Joseph Kalichstein og SÍ undir stjórn Uri Segal.

þroskuðust snemma og hafa oft og tíðum verið bornir saman við tónlistargáfur Mozarts.

Mendelssohn skrifaði *Píanókonsert í g-moll* í „flýti og kæruleysislega“ eins og tónskáldið tiltók sjálft í bréfi til fjölskyldunnar fyrir tónleika í München 1831. Á tónleikunum frumflutti Mendelssohn konsertinn en verkið tileinkaði hann ungum píanóleikara, Delphine von Schauroth.

Konsertinn er einn af tilkomumestu konsertum snemm-
rómantikurinnar þar sem samspil einleikarans og hljómsveitarinnar hefst við upphaf fyrsta þáttar en hljómsveitin leikur aðeins í sjö takta áður en einleikarinn ræðst til atlögu. Með þessu upphafi slítur Mendelssohn sig frá hinu klassíska konsertupphafi þó að þriggja þátta uppbygging konsertsins sé hefðbundin. Samtal einleikarans og hljómsveitarinnar er aukið, jafnræði ríkir í lengd þáttanna og með tengingu þeirra næst aukið flæði. Verkið öðlaðist strax miklar vinsældir og fluttu Clara Schumann og Franz Liszt konsertinn oftsinnis en Hector Berlioz skrifaði um fádæma vinsældir verksins í greinasafni sínu *Les soirées de l'orchestre*. Í konsertinum skyldi Mendelssohn að hluta við klassískar hefðir og færði sig í átt að nýju afkvæmi formsins.

Fyrsti og þriðji kafli konsertsins einkennist af fjórlegu samtali þar sem einleikarinn og hljómsveitin takast á af leikni og krafti. Fyrsta stef upphafsþáttarins, sem er bæði tilþrifamikið og glæsilegt, er kynnt til leiks af píanóinu sem og annað stef, sem er öllu lagrænna og af blíðari toga. Lúðraþytur, *fanfare*, er undanfari *Andante*-kaflans sem er einskonar söngur án orða og hefur yfir sér draumkennda spunaáferð. Lúðraþytur, öllu ágengari þeim fyrri, leiðir hlustandann inn í lokaþáttinn sem byggir á kraftmiklu stafi, skyldu fyrsta stafi upphafsþáttarins. Þættinum lýkur á kjarnmiklu coda sem kallast á við upphaf konsertsins hvað fjör og tilþrif varðar.

Árið 1846 var Mendelssohn fremur heilsuveill og fregnir af skyndilegum dauða Fanneyjar systur hans í maí 1847 voru honum mikið áfall. Síðasta verkið sem hann samdi var *Strengjakvartett í f-moll*, op. 80 sem hann leit á sem sálumessu systur sinnar. Mendelssohn lést 3. nóvember 1847 í Leipzig.

UM TÓNSKÁLDIÐ:

Samtímaheimildir geta þess að Mendelssohn hafi verið bæði kraftmikill og ljóðrænn píanisti. Flutningur hans hafi verið skýr og einlægur en á sama tíma hafi honum tekist að draga fram ígildi hljómsveitaráhrifa úr ófullkomnum hljóðfærum samtímans.



Pjotr Tsjajkovskij

Sinfónía nr. 6 í h-moll, op.74 „Pathétique“

Pjotr Tsjajkovskij (1840-1893) lauk við síðustu sífóníu sína í ágúst 1893 og stjórnaði sjálfur frumflutningnum í St. Pétursborg 28. október sama ár, níu dögum áður en hann lést. Því hefur verið talað um að 6. sífónían sé grafskrift Tsjajkovskíjs. Sífónían fékk fremur dræmar viðtökur við frumflutninginn en þegar hún var flutt á minningartónleikum um tónskáldið, undir stjórn Eduard Nápravník, vakti hún fádæma hrifningu sem hún hefur notið æ síðan. Tónskáldið tileinkaði frænda sínum Vladimir „Bob“ Davidov verkið. *Sjötta sífónían* er harmleikur færður í tóna, persónuleg, tilfinningaþrungin og átakanleg.

Mikið hefur verið ritað um sviplegan dauðdaga tónskáldsins svo skömmu eftir frumflutning verksins. Upp hafa komið kenningar að „hin opinbera skýring“ ætti ekki við rök að styðjast og tónskáldið hafi verið hrakið út í dauðann. Það þýkir um margt óhugsandi að vel greindur maður hafi í „ógáti“ drukkið ósoðið vatn þegar kólerutilfelli greindust í Pétursborg. Allt hefur þetta ýtt undir hugmyndir um að sífónían sé hinsta kveðja tónskáldsins.

Þegar Tsjajkovskij hóf aðra atlögu að 6. *sífóníunni*, (fyrsta uppkastið eyðilagði hann), gekk verkið rifandi vel. Hann skrifaði til Davidovs frænda síns: „Það vinnst af svo mikilli ástríðu að á innan við fjórum dögum hef ég fullgert fyrsta þáttinn og ég hef kortlagt verkið í heild í huganum. Þú getur ímyndað þér þá gleði sem ég finn í þeirri sannfæringu að dagar mínir eru ekki taldir og að ég geti enn áorkað miklu.“ Þegar verkið var fullgert skrifaði Tsjajkovskij til útgefanda síns: „Aldrei í lífinu hef ég verið svo ánægður, stoltur og hamingjusamur með þá vissu að ég hef skrifað gott verk.“

Við frumflutninginn bar sífónían einungis heitið *Sífónía nr. 6*. Tónskáldinu fannst vanta einkennandi titil og kom hugmyndin að heitinu *Pathétique* frá Modest, bróður Tsjajkovskíjs. Eftir frumflutninginn spurði Rimsky-Korsakov Tsjajkovskij hvort sífónían byggði á prógrammi og svaraði tónskáldið því játandi en varðist frekari upplýsinga. Í bréfi sem Tsjajkovskij skrifaði

til Davidovs 1893 kom fram að prógramm símfóníunnar ætti að reynast ráðgáta – „látum þá geta sér til um það...prógrammið er mettað af einstaklingsbundnum tilfinningum og iðulega... þegar ég var að leggja línurnar í huganum táraðist ég..“

Í upphafi fyrsta þáttar er harmrænn hljómur símfóníunnar ljós. Einleiksfagott hefur upp raust sína á raunamæddri hendingu í inngangi símfóníunnar ásamt strengjum þar sem sorgin ræður ríkjum. Spennan eykst og ein þekktasta og fallegasta laglína Tsjajkovskijs er kynnt til leiks. Laglínan er einskonar umbreyting á einu af upphaldsverkum Tsjajkovskijs, Blómaaríu Dons José úr *Carmen*. Eftir dramatíska gegnfærslu hljómar stef úr sálumessu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar og myrkur hljómur málmblásaranna, sem hljómar yfir pizzicato strengjum, leiðir fyrsta þátt til lykta.

Annar þáttur símfóníunnar er vals sem útlistaður hefur verið sem „haltur vals“ því í stað hinna hefðbundnu þriggja slaga í takti er valsinn skrifaður í 5/4 (2+3). Í *Fimmtu símfóníu* Tsjajkovskijs er einnig að finna vals, sá er þó í hinum hefðbundna þrískipta takti og hentar dansgólfinu mun betur. Tsjajkovskij var afburða valsatónskáld og er grípandi danslagið í öðrum þætti fyrst kynnt af sellóunum og síðar af tréblásurum við undirleik pizzicato strengja. Laglínan er í senn þokkafull og ásækin.

Þriðji þátturinn er áhrifamikil gletta, kraftmikið scherzo sem þróast í leiftrandi mars. Mikill hljómstyrkur á lokaspretti marsins skapar dramatískt andrúmsloft fyrir átakafullt upphaf lokaþáttarins.

Í fjórða kafla símfóníunnar ögrar Tsjajkovskij hefðinni og færir hlustendum hægán kafla sem lok einnar merkustu símfóníu rómantísku tónbókmenntanna. Ef til vill var það þessi hægi loka-kafli símfóníunnar sem réði hógværum viðtökum verksins í upphafi. Lokaþátturinn hefst á örvæntingarópi og þó fiðlurnar veki upp von með huggandi stafi á móti tifandi hjartslætti hornanna verður allt dekkra eftir því sem á líður. Eftir að slagverkshljóðfærið tam-tam hefur upp raust sína er sem allt sé tapað, lífið fjarar út og þögnin það eina sem eftir stendur.

Hjördís Ástráðsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Símfónía nr. 6 eftir Tsjajkovskij hefur oft hljómað á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands. Á meðal þeirra hljómsveitarstjóra sem hafa stýrt verkinu eru: Olav Kjelland (1953), Daniel Barenboim (1971), Jean-Pierre Jacquillat (1982), Petri Sakari (1995) og nú síðast Rumon Gamba 30. apríl 2009.

Á DÖFINNI



Uppáhalds Wagner

Fimmtudagurinn 6. júní kl. 19:30

Í ár eru 200 ár frá fæðingu Richards Wagner og því við hæfi að blása til Wagner-veislu. Wagner er fyrst og síðast óperutónskáld og verk hans oftast en ekki stór og mikil í sniðum. Bjarni Thor Kristinsson hefur um árabíl starfað á óperusviðum erlendis. Það er því sannkallað tilhlökkunarefni að fá að heyra þennan stór-söngvara í verkum Wagners. Hljómsveitarstjórann Petri Sakari þarf vart að kynna. Þessi fyrrum aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníu-hljómsveitar Íslands hefur heimsótt hljómsveitina reglulega frá því að hann lét af starfi aðalhljómsveitarstjóra. Það eru ávallt fagnaðarfundir þegar þessi frábæri finnski hljómsveitarstjóri sækir okkur heim.

Petri Sakari hljómsveitarstjóri
Bjarni Thor Kristinsson einsöngvari

Fiðla, selló og píanó

Fimmtudagurinn 13. júní kl. 19:30



Tónlist Ludwigs van Beethoven hefur verið fyrirferðarmikil í störfum Osmos Vänskä á liðnum árum. Upptökur hans fyrir BIS-útgáfufyrirtækið á öllum símfóníum Beethovens með Símfóníuhljómsveit Minnesota hafa fengið glimrandi dóma hjá gagnrýnendum. Konsert Beethovens fyrir fiðlu, selló og píanó frá árinu 1803 er eini konsert hans fyrir fleiri en eitt hljóðfæri. Konsertinn tileinkaði hann Rudolf von Habsburg-Lothringen sem þá var aðeins 16 ára að aldri. Anna Guðný Guðmundsdóttir, Ari Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Agnarsson eru öll fastráðnir hljóðfæraleikarar hjá Símfóníuhljómsveit Íslands og hafa marg-oft komið fram sem einleikarar með hljómsveitinni.

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Ari Þór Vilhjálmsson,
Sigurgeir Agnarsson og
Anna Guðný Guðmundsdóttir einleikarar

Það er alltaf nóg að gera!

Borgun gerir það eins auðvelt og hægt er.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI



Hljómsveit á tónleikum

16. maí 2013

1. FIDLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Mark Reedman
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Greta Guðnadóttir
Rut Ingólfssdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIDLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Gunnhildur Daðadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Kristín B. Ragnarsdóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Júlía Mogensen

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Árni Áskelsson



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Stórtónleikar með Söngvaskáldunum & Sinfó

Allar skærustu stjörnurnar syngja uppáhaldslögin í Hörpu 30. maí

Á sannkölluðum stórtónleikum flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands og stórskotalið söngvara mörg þekktustu lög íslenskar tónlistarsögu. Má þar nefna lög eins og Stígum af, Horfðu til himins, Tvær stjórnur, Don't try to fool me, Vetrarsól og margar fleiri perlu. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Félag tónskálda og textahöfunda, FTT, sem fagnar 30 ára afmæli á þessu ári.

Ekki missa af frábærum söngvurum syngja lög okkar ástsælustu höfunda með Sinfóníuhljómsveit Íslands, hrynsveit og bakróddum.

Flytjendur eru Ragnar Bjarnason, Lay Low, Eybör Ingi, Arnór Dan, Birgitta Haukdal, Jónas Sigurðsson, Sigríður Thorlacius, Páll Óskar, Mugison, Magga Stína, Helgi Björns, Egill Ólafsson, Björgvin Halldórs-son, Jóhann Helgason, Jón Jónsson, Svavar Knútur, Ellen Kristjánsdóttir, Daniel Ágúst, Björn Jörundur, Andrea Gylfadóttir, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, Ragnheiður Gröndal, Valdimar Guðmundsson og Disella Lárusdóttir.

Tryggðu þér miða á sinfonia.is og harpa.is



Nº27
2013

Listahátíð
í Reykjavík



Frægustu danstónverk Stravinskys
á Listahátíð í Reykjavík
24. maí, KL. 19:30
25. maí, KL. 15:00
@ Harpa, Eldborg
KR. 3.000–8.900

Einstakt tækifæri til að upplifa danstónverk sem breytt hafa tónlistarsögunni og sjá nútímaleg og klassísk dansverk við lifandi flutning Sinfóníunnar á Eldborgarsviði Hörpu. Aðeins tvær sýningar.

Dansar í Eldborg njóta stuðnings

vib

Dansar í Eldborg

Íslenski dansflokkurinn & Sinfóníuhljómsveit
Íslands – Vorblótið & Petrúska

Miðasala er hafin á listahatid.is og í miðasölu Hörpu í síma 528 5050

www.listahatid.is

Samstarfsverkefni
Íslenska dansflokksins,
Sinfóníuhljómsveitar Íslands,
Hörpu og Listahátíðar
í Reykjavík með þáttöku
Listaháskóla Íslands.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



Landsvirkjun

